

GARÐASKÓLI 2017-2018

NÁMSÁÆTLUN Í PRJÓNI, 9-10. BEKKUR

Lýsing á námi og kennslu í Garðaskóla er sett fram af kennurum til að koma á framfæri til nemenda markmiðum með þeim verkefnum sem unnin eru í skólanum. Viðfangsefni miðast við kröfur Aðalnámskrár grunnskóla. Hér er lýst þeirri hæfni sem nemendur eiga að ná á árinu og hvernig viðfangsefni þeir glíma við til að ná settum viðmiðum. Námsáætlunin gefur upplýsingar um þá leiðsögn og námsmat sem nemendum er gefið í námsgreininni. Námsáætlunin er lifandi skjal og birt með fyrirvara um breytingar.

Skóladagatal Garðaskóla má nálgast á vef skólans: <http://gardaskoli.is/skolinn/skoladagatal/>

Upplýsingar um heimanám og verkefni hverrar viku má nálgast á Innu. Nemandi ber ábyrgð á eigin námi og að standa skil á þeim þáttum sem teknir eru til námsmats. Ef nemandi missir úr kennslustund þarf hann að afla sér upplýsinga um heimavinnu og afla þeirra gagna sem þörf er á. Ef nemandi skilar ekki tilteknum þætti til námsmats getur það þýtt að lokamat geri ekki rétta grein fyrir hæfni hans.

Læsi til náms: Í prjóni er áherslan á að gera nemendur læsa á uppskriftir, munstur og þau tákni sem notuð eru í prjóni.

Gert er hugarkort sem tengjast því sem þarf til að geta hafist handa við að prjóna. Því er ætlað að kalla fram það sem nemendur vita og bæta við það sem uppá vantar. Markmiðið er að ramma inn þann orðaforða sem tengist prjóni. Í valhópum gera nemendur vinnubækur en vinnubókunum ætlað að endurspeglu vinnuna.

Nemendur skrá á þar til gert matsblað í örstutta lýsingu á verkefnum og hvað þeir lærðu. Þar reynir á hugtakaskilning.

Kennarar: Guðrún Björk Einarsdóttir, gudunb@gardaskoli.is

Vika 34 -36 21.08-08.09

21.08 Skipulagsdagur

Viðfangsefni	Námsefni	Leiðsagnarmat og annað námsmat
Vinnubók -uppskrift og uppskriftalæsi -prjónfestuprufa og útreikningar -hugmyndaspjald, efnisfræði og eiginleikar -hugarkort	Lopapeysublað Uppskriftablöð og bækur	-Geta beitt fjölbreyttum aðferðum og áhöldum greinarinnar -Unnið á skapandi hátt eftir vinnuferli frá hugmynd til lokaafurðar
Hæfniviðmið og/eða lykilhæfni Unnið með uppskrift, tekið mál, áætlað stærð og efnispörf		



GARÐASKÓLI 2017-2018

NÁMSÁÆTLUN Í PRJÓNI, 9-10. BEKKUR

Vika 37 - 50 11.09-15.12

02.-06.10 Forvarnavika Garðabæjar

27.10 Skipulagsdagur 01-03.11 Gagn og gaman

Viðfangsefni Lopapeysa barna eða fullorðins -uppfítjun, affelling -slétt og brugðið -munsturprjón -úrtaka og útaukning -lykkja saman -frágangur	Námsefni Prjónablað, you tube, pintrest,	Leiðsagnarmat og annað námsmat -Geta hagnýtt sér þá hæfni, leikni og þekkingu sem hann hefur öðlast á skapandi hátt og sýnt frumkvæði í vinnu sinni. -Skipulagt vinnu sína með sjálfbærni í huga og beitt þeirri tækni sem námsgreinin býr yfir á sjálfstæðan hátt. -Lært að njóta þeirrar slökunar sem felst í að prjóna og náð þeirri leikni að geta horft á kvikmynd og prjónað samtímis.
Hæfniviðmið og/eða lykilhæfni Unnið með og fylgt uppskrift Lagt mat á eigin vinnubrögð og sagt frá góðu handbragði og notað viðeigandi hugtök		

Á vorönn eru sömu hæfniviðmið og á haustönn og markmiðið er að ljúka við lopapeysuna.

Miðað er við að lokið hafi verið við bol og ermar fyrir vetrarfrí um miðjan febrúar.

Vinna nemenda byggir á að vinna vel í kennslustundinni og jafnframt að vinna heima.

